

UMSÖGN

ÓFEIG náttúruvernd (samtökin) veita hér með umsögn sína um skjalið: *Staða og áskoranir á friðlýstum svæðum: Samantekt á lykilþáttum og áskorunum sem fram komu hjá fulltrúum þeirra sem komu á fund starfshóps, djúpvíðtölum við valda aðila og innsendum gögnum* (samráðsskjal).

Samtökin eru félag áhugafólks um náttúruvernd, með varnarþing í Reykjavík, formlega stofnuð 2018. Markmið þeirra samkvæmt samþykktum (endurskoðuðum 2022) er að standa vörð um óbyggð víðerni á Íslandi og að vinna að náttúruvernd almennt. Að þeim markmiðum vinna samtökin með faglegum aðferðum m.a. með kortlagningu óbyggðra víðerna í samstarfi íslenskra og erlendra stofnana og samtaka sem og með þátttöku í opinberri umræðu um mikilvægi verndunar óbyggðra víðerna.

Samtökin hafa á undanförnum árum veitt umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fjölda umsagna um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur á starfssviði sínu sem og með þátttöku á sviði skipulagsgerðar. Forsvarsfólki samtakanna var ekki kunnugt um það samráð sem fram fór í undirbúningi samráðsskjalsins sem nú er til umsagnar á Samráðsgátt, en senda nú þessa umsögn í því almenna samráði sem fram fer til 21. október 2022, og víkja í umsögninni að sumum þeirra 16 lykilþátta sem samráðsskjalið listar upp.

Samræming

Töluvert á annað hundrað svæða, tæpir 21 þúsund ferkílómetrar eða 20,3% íslensks landsvæðis hefur verið [friðlýst](#). Í tengslum við 30% markið sem sett hefur verið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 er sú úttekt sem ráðuneytið hefur sett á um stöðu á friðlýstum svæðum og áskoranir, meðal annars gagnvart *stækkun þjóðgarða og fjölgun friðlýstra svæða*, síst of snemma á ferðinni.

Samræming er leiðarstef í samráðsskjalinu og fagna samtökin sérstaklega **fyrsta lykilþætti um stjórnskipulag stofnana og samræmingu stjórnsýslu**. Samræmingarhugmyndir eru ekki nýjar af nálinni heldur voru m.a. settar fram fyrir meira en áratug í úttektum Capacent og Stjórnarháttu og svokallaður Hagræðingarhópur lagði í [skýrslu](#) sinni í nóvember 2013 til að náttúruverndarluti Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarður og þjóðgarðurinn á Þingvöllum yrðu sameinaðir (tillaga nr. 101 í skýrslunni).

Undanfarin ár hefur þó að mati samtakanna frekar dregið í sundur með stjórnarháttum þjóðgarða á Íslandi á sama tíma og áform um eina stofnun yfir þeim hafa ekki orðið að veruleika. Afar ólíkt stjórnfyrirkomulag þjóðgarðanna þriggja á sér sögulegar skýringar en stofnunarhættir þeirra voru ólíkir; Þingvallarþjóðgarður stofnaður með lögum frá Alþingi fyrir hartnær öld á grunni sögu og menningar sem „friðlýstur helgistaður“ og þjóðgarðinum Snæfellsjökli komið á fót fyrir rúmum tveimur áratugum með ákvörðun ráðherra á grunni náttúruverndarlaga sem þá giltu. Vatnajökulsþjóðgarður var loks settur á stofn á grundvelli sérstakra laga. Lagaumgjörð og stjórnarháttum þjóðgarðanna þriggja hefur ekki verið breytt í neinum meginatriðum m.t.t. til náttúruverndarlaga sem tóku gildi fyrir sjö árum. Á þetta meðal annars við um beitingu *verndarflokka* I til VI sem þá voru fyrst lögfestir, til samræmis við flokka Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN). Að mati samtakanna hefur það ekki síst staðið árangursríkri og viðeigandi stjórnun svæða innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir þrifum, að svo víðfeðmu og fjölbreytilegu verndarsvæði hafi ekki verið með formlegum hætti skipt upp í svæði á grunni verndarflokkanna.

Þó samtökin taki þannig undir það með starfshópnum að samræma þurfi betur stjórnsýslu og stjórnarhætti þeirra þriggja stofnana sem í dag reka hver sinn þjóðgarð, telja þau það þó fráleitt einskorðast við þau tvö atriði sem nefnd eru sérstaklega í þessum þætti samráðsskjalsins; þ.e. (i) gjaldtöku, sem einnig er vikið að í öðrum lið í **þriðja lykilþætti um fjármögnun og gjaldtöku**; og (ii) atvinnustarfsemi, sem líka er fyrirferðarmikil í skjalinu, en bæði þessi atriði eru sérstaklega nefnd í fyrsta lykilþætti, heldur eigi samræmingarstarf einnig við um aðra þætti stjórnunar og reksturs þjóðgarða. Þannig eigi það t.a.m. við um afgreiðslu þess meginstjórnækis allra friðlýstra svæða sem *stjórnunar- og verndaráætlanir* eru, sjá fyrri lið í punkti 3 í **sjötta lykilþætti um viðhald náttúrulegra gæða**, og um

lagaumgjörð sem vikið er nánar að hér á eftir. Samtökin telja og nauðsynlegt að boðuð samræming stjórnsýslu taki til *skipunar yfirstjórnar*, sem ekki er þó sérstaklega vikið að í samráðsskjalinu.

Í samræmi við ofangreint taka samtökin heils hugar undir með starfshópnum og telja brýnt að *samræma lög* og ekki síst um samspil sérlaga um verndarsvæði sem nefnd eru í samráðsskjalinu og náttúruverndarlaganna, sem sett voru síðar en öll sérlögin, sjá **sjöunda lykilþátt um lagaumgjörð**. Meðal þess sem þarf að bæta, ekki síst ef verður af stækkun og sameiningu verndarsvæða á miðhálandinu, er að *verndarflokkar* (verndarstig) verndarsvæðisins eða verndarsvæðanna verði skýrt skilgreindir í þeirri löggjöf sem *liggur til grundvallar friðlýsingunni* (sett lög, reglugerð eða auglýsing eftir atvikum) og til samræmis við flokkun náttúruverndarlaga svo sem áður er vikið að. Að mati samtakanna kunna efnistöð frumvarps fyrri ráðherra um hálandisþjóðgarð að hafa átt sinn þátt í að stöðva framgang þeirrar hugmyndar að stækka og sameina verndarsvæðin á þjóðlendum og jöklum miðhálandis Íslands. Loks vekja samtökin máls á því að lagasetning um *friðlýst svæði í einkaeigu* þyrfti að komast á, í samræmi við nýlegar áherslur IUCN („*private governance*“).

Samfélagsleg sátt um skýrar reglur um viðeigandi vernd

Góðar verndarákvarðanir byggja á skýrri pólitískri sýn og samfélagslegri sátt á grunni bestu vísindalegu upplýsinga. Bæði löggjöfin og stjórnunin þarf að þjóna verndarhagsmununum.

Mikilvægt er að mati samtakanna að *viðtækt samráð* fari fram um það hvernig best verði komið við því markmiði ríkisstjórnarinnar að stækka það svæði sem friðlýst verði á miðhálandi Íslands. Í því felst meðal annars að sem best *samfélagsleg sátt* verði um hvaða svæði lúti þar strangri friðun og hvaða not eru heimiluð á hverju svæði. Til grundvallar þeirri sátt, telja samtökin afar mikilvægt að fyrir liggi *vísindaleg greining* á því hvaða svæði kemur til greina að lúti strangri vernd. Samtökin telja að þau hafi átt þátt í að leggja mikilvægan grunn að þeirri samfélagslegu sátt með forgöngu um [kortlagningu](#) víðernasvæða miðhálandisins sem til greina gæti komið að vernda sem óbyggð víðerni með ákvörðun stjórnvalda. Það tengist beint **áttunda lykilþætti um kortlagningu óbyggðra víðerna**, sem á samkvæmt náttúruverndarlögum að gera fyrir allt landið ekki seinna en strax og samkvæmt *alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði*. Vilja samtökin einnig benda á, að slík kortlagning er mikilvægur grunnur að mati á *skerðingu víðerna* sem leiðir af framkvæmdum á hálandinu, eins og vikið er að í nýlegu álitni Skipulagsstofnunar á tillögu að matsáætlun, sem fallist var á með því skilyrði að slík kortlagning yrði notuð til að leggja mat á þá víðernaskerðingu sem af framkvæmd myndi leiða (Geitdalsárvirkjun).

Þessu tengt er einnig **fjórtaði lykilþáttur um vegaskrá um vegi í náttúru Íslands og akstur utan vega**. Samtökin telja afar mikilvægt að vinna verði lögð í þennan þátt. Því miður verður að segjast að tilraunir til að takast á við utanvegaakstur, hvort sem er innan eða utan friðlýstra svæða, hafa ekki tekist sem skyldi á síðustu áratugum. Sú tilraun sem gerð var með setningu og síðar breytingu 32. gr. núgildandi náttúruverndarlaga hefur ekki tekist. Sveitarfélög hafa fæst sett slíka vegaskrá, og þar sem hún hefur verið gerð, hefur hún því miður ekki verið gerð af þeirri þekkingu á viðfangsefninu sem nauðsynleg er.

Í þessu samhengi vilja samtökin loks víkja að **sextánda lykilþætti um umsjón vega á friðlýstum svæðum**. Samtökin taka heilshugar undir það að þörf er á því að samstarf Vegagerðarinnar og þeirra stofnana sem fara með umsjón friðlýstra svæða byggist á skráðum reglum. Við gerð slíkra reglna telja samtökin afar mikilvægt að litið sé til þess hvaða tilgangi einstakir vegir í umsjá Vegagerðarinnar þjóna innan friðlýsts svæðis. Þar þarf að líta til verndartilgangs viðkomandi svæðis. Þessi lykilþáttur tengist mjög þáttum eins og gerð og framfylgd stjórnunar- og verndaráætlunar og að sjálfsögðu vegaskrá sbr. fjórtaði lykilþáttur, en það er Vegagerðin sem samkvæmt náttúruverndarlögum á að halda utan um þá skrá. Við gerð slíkra reglna er mikilvægt að mati samtakanna, að lögð verði áhersla á að Vegagerðin geri í flokkun sinni ráð fyrir sérstökum flokkum vega á náttúruverndarsvæðum og leggi áherslu á annan tilgang vega á slíkum svæðum en utan þeirra, til að mynda við hönnun vega sem liggja í landinu og gerðir eru fyrir vélknúna umferð sem þjónar verndartilgangi viðkomandi svæða.

Virðingarfyllt,

Stjórn ÓFEIGAR

Ólafur Hauksson Sif Konráðsdóttir

Snæbjörn Guðmundsson